



## 408. fundur Þingvallanefndar

8. apríl 2014

Kl. 11.30-13.00

Fundur haldinn í húsnæði Þingvallanefndar 8. apríl 2014. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson varaformaður, Haraldur Einarsson, Svandís Svavarsdóttir, Ásmundur Friðriksson, Björt Ólafsdóttir og Oddný Harðardóttir

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Einar Sæmundsen fræðslufulltrúi Þingvöllum sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Starfsemi kafara í Silfru – Lagagrunnur, öryggi og eftirlit, framkvæmdir og fjárhagsáætlun. – Gestur fundarins var Lilja Jónasdóttir, lögmaður hjá Lex og gerði hún grein fyrir fundi sem Samgöngustofa (áður Siglingastofnun) hélt með forsvarsmönnum köfunarfyrirtækja við Silfru en fundinn sátu einnig starfsmenn þjóðgarðsins ásamt Lilju. Lilja gerði einnig grein fyrir álitum Umboðsmanns Alþingis sem fellst á alla þætti í álagningu gestagjalda við Silfru og umsýslu við þau. Málið var rætt í nefndinni.
2. Framkvæmdir á Hakinu og fleiri verkefni. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun. Gestir fundarins voru Guðbjartur Ólafsson Framkvæmdasýsla ríkisins, Guðbjartur Magnússon VSÓ og Einar Sæmundsen fræðslufulltrúi Þingvöllum. Verkefni voru kynnt og rætt um framkvæmdaáætlun ársins.
3. **Umsókn frá Vatnasýn um starfrækslu rafknúins ferðaþjónustubáts á Þingvallavatni.** Erindi barst frá verkefninu Vatnasýn, dagsett 30.01.2014, þar sem óskað var eftir að fulltrúar verkefnisins fengju að hitta ÞVN til að kynna og skýra sjónarmið sín og hugmyndir varðandi umsókn um rekstur rafknúins farþegabáts með glerbotni. Um er að ræða verkefni sem áður kom til nefndarinnar árið 2011. Lagt var fram vinnuskjal frá Lilju Jónasdóttur, lögmanni hjá Lex. ÞVN ítrekar fyrri samþykkt sína frá fundi 5. nóvember 2013 varðandi umsókn annars aðila svipaðs efnis. Nefndarmenn óska eftir að gerð verði úttekt á þjónustupörf og starfsemi innan þjóðgarðsins á næstu misserum. Í ljósi þess að sú vinna er ekki hafin, getur ÞVN ekki afgreitt erindið fyrir en að athugun lokinni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12.50

